

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vestmannaeyjabæ.

Nýtt deiliskipulag á athafnasvæði A-2, við Sprönguna.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 6. apríl 2017 deiliskipulag á athafnasvæði A-2, við Sprönguna.

Deiliskipulagið nær yfir lóðir á athafnasvæði vestan við Hlíðarveg og Strandveg og næsta nágrenni upp af lóðunum í átt að Hánni og nálægu opnu svæði við Sprönguna. Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 28. apríl 2017.

Sigurður Smári Benónýsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2017